

Stjórnarfundur TSÍ þann 09.06.2009 kl 21:00-23:00

Mætt voru Gunnar, Hafsteinn, Ingólfur, Jónas, Raket, Raj og Skjöldur

1) Heimasíðan

Gerð nýrrar heimasíðu er í fullum gangi og sýndi Raket stjórnarmönnum hugmynd að útliti forsíðu sem stjórnarmenn kommentuðu á. Á nýju síðunni verður pláss fyrir styrktaraðila og var framkvæmdastjóri beðinn um að reyna að fá styrktaraðila fyrir síðuna. Allir aðrir stjórnarmenn voru líka beðnir um að athuga með styrktaraðila. Skjöldur var ekki búinn að senda Raj formlega beiðni um lénið tennis.is en ætlar að gera það og ræða við Raj. Það mun gerast á næstu dögum því verið er að setja upp nýju síðu og ákveða þarf lénið helst fyrir vikulok.

Raket ítrekaði við stjórnarmenn að senda passamynd og símanúmer til að hafa inn á síðunni, ef e-r eiga í vandræðum með að koma með mynd þá bauðst hún til að taka mynd af þeim.

Formenn nefnda voru beðnir um að senda Raket nöfn þeirra sem eru í nefndunum svo það sé á hreinu, þumalputtaregla er að það séu 3-5 manns í nefndunum. Formenn nefndanna eru:

Mótanefnd – Ingólfur Hjörleifsson

Útbreiðslunefnd – Jónas Páll Björnsson

Dómaranefnd – Yousef Sheikh (Skjöldur ætlaði að láta hann vita)

Landsliðsnefnd – Gunnar Finnbjörnsson

Þjálfaranefnd – var ekki á hreinu en stungið upp á Andra Jónssyni

2) Landsliðsæfingar

Landsliðsæfingar hófust í gær og verða tvisvar í viku í sumar. Enginn þjálfari hefur verið boðaður á þessar æfingar. Talað var um hugmynd Carolu um að hafa coordinator, einn fyrir karla og annan fyrir konur. Hugmyndin hennar var að hver coordinator myndi vinna 2klst/viku og ef hann myndi fá ca 3500 kr/klst myndi það gera 728.000 kr/ári fyrir 2 coordinator. Hennar hugmynd var að félögin myndu koma inn í þetta og reyna að greiða þetta niður en spurning hvort TSÍ gæti styrkt þetta e-ð. Stjórnarmenn veltu þá fyrir sér hvort væru hentugra að hafa einn landsliðsþjálfara. Þessu máli var vísað til landsliðs- og þjálfaranefndar.

Ingólfur bað Raj um að biðja smáþjóðaleikafara að greiða fyrir smáþjóðaleikana.

3) Íslandsmótið utanhúss

Ákveðið var að láta leiki í Íslandsmótinu gilda til hliðsjónar af fleiri leikjum við val á landsliðum næsta árs. Raj mun láta leikmenn vita af þessu fyrir mót. Keppt verður best af þremur settum í öllum flokkum nema 10 ára og yngri.

4) Fá einhvern til að hefjast handa um að safna og semja ýmsar reglur.

Sumar reglur eru til frá fyrri tíð í handbók TSÍ frá 1995 sem þyrfti þá að yfirfara og uppfæra, e-ð þarf að þýða og e-ð þarf að semja. Reglurnar sem voru nefndar eru:

Siðareglur, hegðunarreglur, mótareglur, reglur um heiðursmerki TSÍ, félagsskiptareglur TSÍ, tennisreglur og reglur um styrkleikalista TSÍ.

Hægt er að skoða reglur annarrar sérsambanda og yfirfæra yfir á TSÍ, t.d. með félagsskiptareglur og reglur um heiðursmerki. Hafsteinn var beðinn um að byrja á því að safna og skoða allt regluverk TSÍ. Hann var tilbúinn til að taka það að sér.

Rakel mun byrja á því að safna upplýsingum um Íslandsmeistara í meistaraflokki frá upphafi. Hægt er svo að skoða síðar hvort eigi að safna upplýsingum um Íslandsmeistara í öllum flokkum.

5) Fá einhvern til að safna saman sögu tennis á Íslandi og sögu TSÍ

Stungið var upp á því að biðja Ásdísi, Guðný eða Margréti um að að safna saman sögu tennis á Íslandi og sögu TSÍ. Ákveðið var að Skjöldur myndi biðja Margréti um þetta.

Það var blaðgrein í gömlu tennishöllinni sem hékk uppi þar sem var stiklað á sögu tennisins, Jónas ætlaði að athuga hvort hann fyndi það (minnir mig).

6) Huga að afreksstefnu og þróun

Talað var um mikilvægi þess að hafa e-r afreksstefnu í gangi svo við vitum hvert við ætlum. Raj bjó til afreksstefnu fyrir TSÍ fyrir árin 2005-2008 og ætlar að senda á stjórnarmenn þannig að þeir geti lesið hana og sagt hvað þeim finnst. Raj nefndi að hægt væri að reikna út hvaða árangri er hægt að ná miðað við þá aðstöðu sem við höfum á Íslandi.

7) Önnur mál

Ákveðið var að skrá landslið okkar í Davis og Fed Cup, fresturinn rennur út 1.júlí. Raj mun skrá okkur. Talað var um landsliðfólk þurfi að æfa skipulega til að ná betri árangri næst, e.t.v. að hafa skipulagðar landsliðsæfingar eða sérstakar æfingar fyrir þessar keppnir. Ingólfur vildi að skoðað væri hvort væri hægt að senda kvennalið okkar e-t annað þar sem þessi keppni væri of sterk fyrir þær. Aðrir stjórnarmenn voru skeptískir á það og töldu mikilvægt að hafa eitt fast mót á ári sem væri alltaf sent á. Einnig væri hætta á því að ekkert yrði úr annarri ferð líkt og gerðist með fyrirhugaða landsliðsferð í sumar. Það þarf litla fyrirhöfn til að senda landslið okkar á þessi mót, landsliðsfólkið fær marga leiki og þau eru styrkt af ITF að miklu leyti og því hentug.

8) Stuðningur við: Tvö tennismót, Kjartan, Ól Æskunnar og Birki

Jónas vildi að fjárhagsáætlun TSÍ yrði kláruð sem fyrst og ekki fresta frekari ákvörðunum. Hann sagði að það væri mjög óþægilegt að gera e-r verkefni og reka TSÍ þegar það væri ekki á hreinu hve mikill peningur fengist í verkefnin. Þá talaði hann um fyrirhuguð Evrópumót í sumar og sagðist vera búinn

að ráða mann til að sjá um það mót og hann gerði ráð fyrir stuðningi frá TSÍ líkt og var í fjárhagsáætlun Raj frá ársþinginu. Stjórnarmenn voru samþykkir því að styðja við þessi tvö mót, 130.000 kr fyrir sitt hvort mótið samtals 260.000 kr. Stjórnin komst ekki lengra að þessu sinni en Skjöldur ætlar að kíkja á fjárhagsáætlunina og sjá hvort hægt sé að breyta henni e-ð og senda á stjórnarmenn.

Kveðja,

Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ